

Nd.

282. Nefndarálit

[69. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ýtarlega og sent það til umsagnar þeirra aðila, sem mestra hagsmuna eiga að gæta í sambandi við lagasetningu um þessi efni. Hafa nefndinni borizt umsagnir um frv. frá eftirtöldum aðilum: landlækni, Læknafélagi Íslands, Læknafélagi Reykjavíkur, læknaeild Háskóla Íslands, Félagi lækna-nema, og enn fremur hefur nefndinni borizt umsögn um frv. frá stúdentaráði Háskóla Íslands.

Allir þessir aðilar tjáðu sig mótfallna því nýmæli í frv., að læknakandidatar skyldu skyldaðir til þess að ljúka framhaldsnámi sínu við sjúkrahús hér á landi. Skoðanir voru einnig mjög skiptar um það ákvæði frumvarpsins, að landlæknir skyldi ráðstafa námsvist kandidata á sjúkrahúsum hérlendis. Landlæknir sjálfur taldi ástæðulaust að leggja slíka skyldu á sig og lagði til, að í staðinn yrði sett í frumvarpið heimild til ráðherra um að setja reglur um ráðstöfun námsvistar kandidata á sjúkrahúsum.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Framhaldsnámi þessu skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillög-um læknaeildar háskólans.

2. 3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglur um ráðstöfun námsvistar kandidata á sjúkrahúsum.

Alþingi, 4. apríl 1960.

Sigurður Bjarnason,
form., frsm.

Birgir Finnsson,
fundaskr.

Hannibal Valdimarsson.

Guðl. Gíslason, Jón Skaftason.